



Ársskýrsla blakhóps Garps

- fullorðinsstarf -

Kolbrún Sigþórsdóttir

Kristín Hreinsdóttir

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Inngangur	3
Vináttuleikir kvennaliðsins vorið 2011	4
HSK mótið í blaki	4
Kjörismót Hamars 16. apríl 2011	4
Ásahreppur styrktaraðili kvennaliðs Garps í blaki	5
Æfingaleikur kvennaliðs við Leðurblökurnar.....	6
Garpskonur í 2. sæti á HSK hraðmóti kvenna í blaki.....	6
Garpskarlar í 5. sæti á HSK hraðmóti karla í blaki.....	6
Æfingar með þjálfara á Laugalandi á fimmtudögum kl. 18-20	7
Lokaorð	7

Inngangur

Árið 2011 var gott blakár hjá Garpi. Kvinnaliðið tók þátt í fjölda móta og æfingaleikja, karlaliðið skráði sig til keppni á hraðmóti HSK haustið 2011 og fenginn var þjálfari til að bæta færni liðanna.

Æfingar liðsins eru haldnar á miðvikudögum kl. 20 í íþróttahúsinu á Laugalandi. Þeir sem stunda blak þar reglulega eru u.þ.b. tuttugu manns á aldrinum 18 til 63 ára, bæði karlar og konur. Þá stundar dágóður hópur blakæfingar á vegum Laugalandsskóla á þriðjudögum kl. 17.

Á haustönn 2011 var bætt við æfingu á fimmtudögum.

Hér á eftir kemur yfirlit yfir starfsemi fullorðinna Garpa í blaki.

Vináttuleikir kvennaliðsins vorið 2011

Kvennalið Garps keppti eftirtalda vináttuleiki á vorönn 2011:

31. janúar við Hvöt á Ljósuborg.

14. febrúar við Dímon á Hvolsvelli.

14. mars við Dímon á Hvolsvelli.

16. maí við Leðurblökurnar úr Reykjavík. Leikurinn fór fram á Laugalandi.

HSK mótið í blaki

Garpskonur kepptu á HSK mótinu í blaki í febrúar 2011 og lentu þar í 4. sæti.

Alls voru 7 lið skráð til keppni.

Efstu þrjú sætin skipuðu:

1. sæti: Hamar 1

2. sæti: Dímon

3. sæti: Hrunamenn 2

Kjörismót Hamars 16. apríl 2011

Kjörismótið var haldið í Iðu á Selfossi laugardaginn 16. apríl. Kvennalið Garps var skráð til keppni í þriðju deild, ásamt sjö öðrum liðum. Lið Garps lenti þar í öðru sæti á eftir Lansanum/Hrunamönnum. Garpskonur komu ósigraðar í úrslit, en töpuðu úrslitaleiknum. Alls unnu Garpskonur 6 hrinur og töpuðu tveimur.

Ásahreppur styrktaraðili kvennaliðs Garps í blaki



Hreppsnefnd Ásahrepps ákvað á hreppsnefndarfundum þann 28. apríl 2011 að styrkja kvennalið Garps vegna kaupa á keppnisbúningum um 45.000 kr. Blakkonur í Garpi þakka hreppsnefnd Ásahrepps kærlega fyrir stuðninginn. Byggðamerki Ásahrepps prýddi utanyfirgalla kvennaliðsins, en liðið keppti á Íslandsmótinu í blaki í Vestmannaeyjum 5.-7. maí 2011. Mótið var fjölmennt, en u.þ.b. 1.000 manns voru í Vestmannaeyjum vegna mótsins.

Garpkonur kepptu í 10. deild eins og árið áður. Þær lentu í 5. sæti, eða í deildinni miðri, og bættu þar með árangur sinn um tvö sæti.

Æfingaleikur kvennaliðs við Leðurblökurnar



Æfingaleikur við Leðurblökurnar í Reykjavík fór fram 17. okt. 2011 og komu Garpskonur ósigraðar heim.

Garpskonur í 2. sæti á HSK hraðmóti kvenna í blaki



HSK hraðmót kvenna fór fram í íþróttahúsinu á Hvolsvelli mánudaginn 24. október 2011. Tíu lið voru skráð til keppni og var þetta fjölmennasta kvannahraðmót HSK til þessa. Spilað var á þremur völlum og í tveimur riðlum.

Garpskonur komu ósigraðar upp úr sínum riðli og léku úrslitaleik um 1. sætið við Hrunamenn. Úrslitin urðu þau að Hrunamenn sigruðu og lentu Garpskonur því í 2. sæti á mótinu. Í þriðja sæti varð A lið Hamars.

Lið Garps skipuðu: Kolbrún Sigþórsdóttir fyrirliði, Ásta Hrönn Ásgeirsdóttir, Bryndís Karen Pálsdóttir, Kristín Hreinsdóttir, María Carmen Magnúsdóttir, Sigríður Arndís Þórðardóttir og Svanhildur Hall.

Garpskarlar í 5. sæti á HSK hraðmóti karla í blaki



HSK hraðmót karla fór fram á Laugarvatni 2. nóvember 2011. Sex lið voru skráð til keppni og lentu Garparnir í 5. sæti. Úrslitin voru þau að Hamarsmenn voru efstir og án tapleikja, Hrunamenn voru í öðru sæti og Laugdælir-eldra lið voru í 3. sæti.

Lið Garps skipuðu: Guðni Sighvatsson fyrirliði, Sigurjón Bjarnason, Sigurjón Eiríksson, Sigurður Sigurðarson, Páll Georg Sigurðsson, og Þorsteinn Hjartarson.

Æfingar með þjálfara á Laugalandi á fimmtudögum kl. 18-20



Ráðinn var þjálfari fyrir keppislið Garps. Sigurbjörn Veigar Friðgeirsson, sem stundar nám í íþróttافرæðum á Laugarvatni var fenginn til verksins. Æfingar voru frá 3. nóvember 2011 og voru fimm talsins, öll fimmtudagskvöld í nóvember og síðasta æfing var 1. desember. Sótt var um til hreppsnefnda Rangárþings ytra og Ásahrepps um niðurfellingu eða afslátt af salarleigu, en erindinu var hafnað.

Mikil ánægja var með þjálfarann og þótti Sigurbjörn Veigar koma inn með skemmtilegt og fjölbreytt æfingaprógramm. Sigurbjörn Veigar var jákvæður um áframhaldandi þjálfun á Laugalandi árið 2012.

Lokaorð

Blakstarfið á Laugalandi er orðið fast í sessi. Það hefur haldist sleitulaust síðustu 13 - 14 árin og er opið fyrir alla sem lokið hafa grunnskólagöngu. Fyrir marga er blakið ómissandi þáttur í félagslífi sveitarinnar og tryggir aðgang að hollri hreyfingu í fjölbreyttum og góðum félagsskap fyrir íbúa svæðisins.